



# Umhverfisviðurkenningar 2018



# Umhverfisviðurkenningar Kópavogsbæjar

Ár hvert veitir umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogsbæjar umhverfisviðurkenningar í bænum. Viðurkenningarnar hafa verið veittar frá árinu 1964. Í byrjun voru veittar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi, fallegustu garðana eða lóðir bæjarins. Árið 1995 var breyting á og núverandi fyrirkomulag tekið upp. Einstaklingar, félagasamtök og/eða fyrirtæki geta fengið viðurkenningar í ýmsum flokkum s.s. umhirða húss og lóðar, endurgerð húsnæðis, frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum, framlag til ræktunarmála og framlag til umhverfis og samfélags.

Bæjarstjórn Kópavogs velur götu ársins.

Í umhverfis- og samgöngunefnd 2018 skipa eftirtaldir fulltrúar:

Aðalmenn  
Andri Steinn Hilmarsson formaður  
Sigurður Sigurbjörnsson  
Kristín Hermannsdóttir  
Hreiðar Oddsson  
Indriði Stefánsson  
Erlendur Geirdal, áheyrnarfulltrúi

# Endurgerð húsnæðis

## Hófgerði 5


Eigendur Gunnar Leó Gunnarsson og Bára Dagný Guðmundsdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngnefndar 2018 fyrir endurgerð húsnæðisins að Hófgerði 5.

Viðfangsefnið í Hófgerði 5 fólst í því að fjarlægja allt nema upprunalega húsið (81fm) af lóðinni. Gamla húsið var tæmt, veggir rifnir, baðherbergi fjarlæggt og byggt upp að nýju með gólfhita, nýjum rafmagns, net og pípulögnum, skipt um glugga og nýrri einangrun að utan.

Frankvæmdir við nýja hluta hússins hófst með jarvegsvinnu og endurnýjun á holræsalögnum.

Steypt var í kubbaeiningar og þak tengt við gamla húsið. Múrun og steinklæðning var sett á húsið í einu lagið þegar búið var að ganga frá báðum hlutum hússins. Allar lagnir eiga uppruna sinn í nýja hluta hússins. Í lokin tókum við lóðina fyrir framan og aftan hús í gegn frá A til Ö.

Við bjuggum í gamla húsinu á meðan allar fræmkvæmdir við nýja húsið fóru fram. Þegar húsin voru tengd saman fluttum við okkur yfir í nýja húsið, á meðan endurbætur fóru fram á eldra húsinu. Í heildina lífið gekk verkefnið mjög vel og að mestu leiði í takt við áætlanir.



# Hönnun

## Naustavör 16-18

Naustavör 16-18 er hönnuð af Guðmundi Gunnlaugssyni hjá Teiknistofunni Archus fyrir Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Naustavör 16-18 er fjölbýlishús með 22 íbúðum á afar fallegum stað alveg við smábátahöfnina í Kársnesi. Samkvæmt skilmálum máttu íbúðir vera 30 alls.


Útsýni er fagurt til sjávar og inn til Nauthólsvíkur og Öskjuhlíðar og framhlíð hússins liggur vel við suður og vestur sól. Hér er leitast við að visa til hvernig eldri bryggjuhverfi í nágrennalöndum okkar byggðust upp af ólíkum mismunandi húsagerðum, sem mynda saman spennandi heild.

Því er teft saman klæðningum í litum frá hvítu, gráu yfir í gula og brúna liti, og notað ýmist bárubeygt eða slétt ál til að skapa fjölbreytileika og formspil.

Nýstárlegar útfærslur á álklæðningum gefa því byggingunni áhugavert og fjölbreytt yfirbragð, þar sem leikgleði er í fyrirrúmi.

Svalir eru bæði til sjávar og á vesturhlíð að götu og mun fólk geta glerskýlt þeim ef vill. Stigahús eru 3 og bílageymslustæði f. hverja íb.

Efsta hæð er inndregin með stórum svölum og í aðkomu er húsið áberandi með turni, sem er eins og kennileiti þegar ekið er inn í hverfið.



# Viðurkenning fyrir frágang húss og lóðar á nýbyggingarsvæði Naustavör 7

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars og hönnuður Guðmundi Gunnlaugssyni hjá Teiknistofunni Archus fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2018 fyrir umhirðu húss og lóðar á nýbyggingarsvæði að Naustavör 7.

Naustavör 7 er fjölbýlishús með 17 íbúðum miðlægt í hverfinu að grænu beltinu sem liggur frá austri til vesturs með leiksvæðum og göngustíg.

Húsið átti að vera 12 íbúðir fremur stórar, en þarsem ónotaður íbúðakvóti var úr húsi nr 16-18 var sótt um leyfi til að fjölga íbúðum í 17 en hafa flestar verulega mikið minni en áformað var í skipulagi og henta þær betur ungu fólki í íbúðaleit.

Húsið stendur sem 4 hæða kubbur, 5 íbúðir á hæð og var efsta hæðin höfð inndregin með aðeins 2 íbúðum og stórum þaksvölum til að létta yfirbragð byggingarinnar.

Það er haft í ljósum lit með ívaf af gráum flötum og viðarklæðningu inni á svölum og í skjólveggjum. Í kjallara eru geymslur og stæði fyrir 9 bíla. Húsið mun fá samsvörun í 4 öðrum kubbum, sem halda áfram inn meðfram græna beltinu, verða svipuð af gerð en í mismunandi litum.



## Gata ársins Selbrekka 1-11

Á fundi bæjarstjórnar þann 26. júní síðastliðinn var samþykkt að veita Selbrekku 1-11 viðurkenninguna "Gata ársins 2018"


Við Selbrekka 1-11 standa 5 lágrest raðhús sem mynda fallega og stílhreina heild. Íbúar hafa lagt rækt við að viðhalda sérkenni húsa og skapa falleg garðsvæði. Samspil forgarða og bygginga mynda fallega heild í landslaginu með samræmi í litum húsa og grænu yfirbragð.

Alls eru um 28 íbúar í götunni í þeim 6 húsum sem standa við Selbrekku 1-11.

Bygging raðhúsanna við Selbrekku 1-11 hófst 1970 og síðan þá hafa húsin verið mikið prýði fyrir bæjarfélagið. Útlit húsanna er afskaplega stílhreint og hafa íbúar viðhaldið því útliti í gegnum tímanna rás og eru húsin enn þann dag í dag mikið prýði fyrir bæjarfélagið.



Íbúar Selbrekku 1-11 eru vel að viðurkenningunni komnir fyrir að hafa hugað vel að umhverfi sínu, haldið húsum sínum og lóðum snyrtilegum og götunni fallegri í árána rás. Íbúar götunnar eru öðrum íbúum Kópavogs hvatning og fyrirmynd.



# Framlag til ræktunarmála Trjásafnið Meltungu

Pétur N Ólason, Friðrik Baldursson, Guðmundur Vernharðsson hjá Gróðrarstöðinni Mörk fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2018 fyrir framlag til ræktunarmála fyrir Trjásafnið Meltungu.


Pétur N. Ólason, betur þekktur sem Per í Mörk, stofnaði Gróðrarstöðina Mörk í Reykjavík árið 1967 en hún er staðsett á bæjarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs í Blesugróf. Árið 1976 var ræktunarland gróðrarstöðvarinnar sprungið utan af rekstrinum og tók Pétur því á leigu 0,5 ha landsvæði hjá Kópavogsbæ fyrir trjárækt úr landi Meltungu. Síðar var þetta landsvæði stækkað með nýjum leigusamningi við Kópavogsbæ.

Árið 1995 kom Pétur með þá tillögu að taka þátt í mótun og uppbyggingu á austasta hluta Fossvogsdals, sem Kópavogsbær hafði skipulagt sem útivistarsvæði með gróðursvæðum.

Hann lagði til að hann sæi alfarið um að útvega þann gróður sem til þyrfti í samráði við Kópavogsbæ, gegn því að nýta hluta landsins fyrir ræktun stöðvarinnar. Samhliða því myndi hann sjá um að koma trjásafni á laggirnar og planta auk þess skjólgróðri umhverfis allt ræktunarsvæðið.

Árið 2000 seldi Pétur Gróðrarstöðina Mörk til Guðmundar Vernharðssonar, fyrrum starfsmanns síns, sem hélt áfram þar sem frá var horfið að uppfylla samninginn við Kópavogsbæ. Samningurinn rann síðan út árið 2006 og var þá gerður nýr samningur til 10 ára.

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar hefur haft umsjón með uppbyggingu Trjásafnsins um árabil.



# Umhirða húss og lóðar


## Álfhólsvegur 40

Eigendur Ágúst Sngvar Helgi Jakobsson og Kristín Einarsdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2018 fyrir umhirðu húss og lóðar Álfhólsvegar 40.

Við keyptum húsið árið 1988 og frá þeim tíma höfum við stöðugt verið að breyta og bæta hús og lóð.

Í garðinum hefur áherslan verið á að fella og grisja gróður, gróðursetja blóm og lága runna og endurskipuleggja hann með það í huga að hleypa að birtu, en jafnframt halda skjóli.

Við höfum skipt um þakefni og glugga í húsinu ásamt öðru venjulegu viðhaldi.




# Umhirða húss og lóðar

## Hlíðarvegur 6

Eigendur Sverrir Örn Valdimarsson og Katrín Lára Vilhjálmsdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2018 fyrir umhirðu húss og lóðar Hlíðarvegur 6.

Hlíðarvegur 6 var byggður í nokkrum hlutum, fyrsti hluti 1954, og sá síðasti 2012. Núverandi eigendur hafa átt húsið síðan 2004 og á þeim tíma hafa nánast staðið yfir stanslausar endurbætur. Húsið sjálft hefur verið endurgert að nánast öllu leiti að innan sem utan, auk þess sem lóðin hefur verið endurhönnuð.

Í upphafi sjöunda áratugarins var starfrækt í því Fæðingarheimili Kópavogs.



# Hönnun

## Örvasalir 18

Hönnuður Björgvin Snæbjörnsson hjá Apparat og eigendur Bergrún Svava Jónsdóttir og Ragnar Baldursson fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2018 fyrir hönnun Örvasala 18.

Húsið Örvasalir 18 er einbýlishús sem stendur á fallegri lóð í jaðri byggðar ofan við golfvöll GKG . Ofan við húsið er ósnortið skógi vaxið land en norðan megin blasir við fallegt útsýni yfir borgina.

Við hönnun hússins var leitast við að taka mið af þeim möguleikum sem lóðin býður upp á og leitast við að tengja saman innra og ytra rými . Húsið situr í landinu á 4 pöllum og lagar sig að fomi landsins.


Gengið er inni í húsið á miðpalli þar sem finna má eldhús, borðstofa, skrifstofu og forstofuherbergi .

Millipallur tengist bakgarði sem snýr í suður með ósnortið skógi vaxið land allt í kring. Eldhús og borðstofa tengist því vel útivistarsvæðum ofan við húsið.

Á efsta palli hússins eru stofur og hjónarherbergi sem njóta fallegs útsýnis yfir borgina en á neðri pöllum hússins eru barnaherbergi, bílskúr og geymslurými.

Efnisval hússins að utan er einfalt og látlaust . hvítum múruðum flötum er teft saman við sinkklædd form.

Hönnun innri rýma hússins endurspeglar látlaust og stílhreint ytra byrði hússins. Innréttingar eru spónlagðar með eik og á gólfum er eikarparket og gráar steinflisar.




# Viðurkenning fyrir frágang húss og lóðar á nýbyggingarsvæði Austurkór 46

Egiendur Svanur Karl Grjetarsson og Sigríður Geirsdóttir og hönnuður Sigurður Hallgrímsson hjá Arkþing fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2018 fyrir umhirðu húss og lóðar á nýbyggingarsvæði Austurkór 46.

Austurkór 46 er tveggja hæða einbýlishús hannað af Sigurði Hallgrímssyni hjá Arkþing. Húsið stendur á endalóð við golfvöll GKG og fellur mjög vel að umhverfi sínu.

Skemmtilegt fjölskyldu hús þar sem sameiginleg rými og útisvæði mynda skemmtilega heild.



# Hönnun

## Bæjarlind 7-9

Hönnuður Björn Skaptason hjá Atelier arkitektum og MótX fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2018 fyrir hönnun á Bæjarlind 7-9.

Markmið hönnunar var að hanna einstaka og metnaðarfulla byggingu, með sterka ímynd og áberandi kennileiti inn í hið nýja hverfi.

Blæbrigði hússins og lögun þess er með skírskotun í áður ósnortnar hlíðar byggingarlandsins, þar sem samsetning flórunnar úr grýttum jarðvegum hefur áhrif á uppbot og efnisval.

Byggingin er fjölbreytt flóra samfléttandi eininga er skapa heilstæðan byggingarmassa.

